

**SAMÞYKKT**

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474  
4. desember 1984.

1. gr.

2. mgr. 34. gr. orðist svo:

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að leiktækjastofum. Dvöl á knattborðsstofum verði bundin við útivistarreglur barna og unglunga en börnum innan tólf ára aldurs verði einungis heimill aðgangur í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1990.*

**Óli Þ. Guðbjartsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

17. ágúst 1990

Nr. 433

**REGLUR**

um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

1. gr.

**Orðskýringar.**

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglum þessum hafa þau merkingu þá sem hér segir:

*Alþjóðasamþykktin.* Alþjóðasamþykkt um skipamælingar undirrituð í London 23. júní 1969.

*Brúttótonnataka.* Mæling á heildarstærð skips, eins og hún er ákvörðuð, sem kveðið er á í reglum þessum.

*Nýtt skip.* Skip, sem kjölur er lagður að, eða er á svipuðu byggingarstigi eftir 1. júlí 1987.

*Gamalt skip.* Skip, sem ekki er nýtt.

*Mesta lengd.* Mesta lengd skipsins, sjá meðfylgjandi viðauka fyrir mál-, tré-, plast- og önnur skip. Sé brugðið út af venjubundnu lagi framstefnis í smíði skipa sem reglur þessar ná til skal miða mestu lengd að framan við skurðpunkt framhaldslína bolsins (sjá viðauka).

*Lengd.* 96% af heildarlengd sjólínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá efri brún kjalar, eða lengdin frá fremri brún stefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólínu, ef hún er stærri. Á skipum, sem hönnuð eru með kjölhalla, skal sjólinan, sem lengd þessi mælist á vera samhliða hannaðri sjólínu.

*Mælingalengd.* Fjarlægð á milli tveggja punkta og er fremri punkturinn þar sem neðri flötur efra þilfars mætir innri brún byrðings við stefni, ef skipið hefur málmyrðing, og að ytra fleti byrðings við stefni, á skipi með byrðing úr öðru efni. Aftari punkturinn er þar sem neðri